



## Camille og sólblómið

Þýðing: Rannveig Þorkelsdóttir

Þar sem Camille átti heima voru sólblómin svo stór og falleg að þau minntu helst á sólina. Heilt engi af heitri gulri sól.

Á hverjum degi eftir skóla, hljóp Camille í gegnum sólblómaengið til að hitta pabba sinn sem var póstburðarmaður. Saman náðu þeir í stóru þungu pokana sem allur pósturinn var geymdur í.

Einn dag kom ókunnugur maður í þorpið þar sem Camille átti heima. Maðurinn hafði stráhatt á höfðinu og var með gult skegg. Hann leit í kringum sig með hviku, brúnu augunum sínum. Ég heiti Vincent, Vincent málari", sagði hann og brosti. Málariinn flutti í lítið gult hús sem var við



Leikum af list

enda götunnar þar sem Camille bjó.

Vincent átti enga peninga og enga vini. „Eigum við ekki að reyna að hjálpa honum?“ spurði pabbi Camille. Síðan hlóðu þeir fullt af húsgögnum, pottum og pönnum og öðru dóti á gamla póstvagninn og fóru með það að litla gula húsinu.

Camille fór út á sólblómaengið og týndi mikið af fallegum sólblómum og setti í stóran vasa fyrir vin sinn.

Vincent var mjög glaður yfir að hafa eignast tvo vini. Vincent spurði pabba Camille hvort hann mætti mála mynd af honum í bláa póstbúningnum.

„Þú verður að vera alveg kyrr, þú mátt ekki hreyfa þig“, sagði Vincent.



Camille fékk að horfa á. Honum fannst gaman að horfa á alla fallegu litina sem Vincent notaði og honum fannst lyktin af þeim góð. Hann sá andlit föður síns smám saman birtast á striganum eins og fyrir töfra.

Myndin var skrítin en mjög falleg.

Vincent spurði hvort hann mætti ekki mála alla fjölskylduna. Hann málaði mömmu Camille, stóra bróður hans, litlu systur og loks Camille sjálfan.

Mikið var Camille spenntur. Það hafði aldrei verið tekin af honum ljósmynd hvað þá meira.

Camille fékk að fara með myndina í skólann sinn til að sýna krökkunum hana.



En þeim fannst myndin ekkert flott. Þau hlógu bara að henni.

Camille varð mjög leiður.

Eftir skóla ákváðu nokkur af eldri börnunum að stríða Vincent. Þau hlupu á eftir honum þegar hann fór út til að mála.

Nokkrir fullorðnir slóust í hópinn og hrópuðu: „Hættu þessu málningabulli og fáðu þér almennilega vinnu“.

Camille sat hjá Vincent allan daginn og fylgdist með honum vinna. Hitinn var óbærilegur en Vincent tók ekki eftir því. Hann málaði túnin, sólblómin og meira að segja sólina sjálfa. Hann er Sólblómamaðurinn, hugsaði Camille.



„Ef ég ætti glás af peningum, myndi ég kaupa allar myndirnar þínar.“, sagði Camille.

„Takk Camille. Þú ert sannur vinur.“, sagði Vincent hlæjandi.

Þegar félagarnir komu til baka biðu nokkrir krakkar úr skólanum eftir þeim. Þeir öskruðu að Vincent og grýttu í hann steinum.

Camille langaði til að stoppa þau en hvað gat hann gert? Hann var bara lítill strákur. Að lokum hljóp hann grátandi heim.

„Hlustaðu nú á mig“, sagði pabbi Camille. Fólk hlær oft að þeim sem eru öðruvísi. Það er nú bara þannig. En ég hef það á tilfinningunni að einn góðan veðurdag eigi fólk eftir að kunna að



meta myndirnar hans Vincents. Sannaðu til.

Þessa nótt dreymdi Camille einkennilegan draum. Hann dreymdi að Vincent stæði í tunglskininu hátt yfir þorpinu. Hann hafði fest kerti í hattinn sinn til að sjá á strigann. Hann var að mála. Sólblómamaðurinn var að mála stjörnurnar.

Snemma næsta morgun, vaknaði Camille við það að einhver var að banka. Nokkrir menn úr þorpinu voru komnir til að hitta pabba hans.

Hlustaðu nú vel á, póstmaður. Við viljum að þú afhendir vini þínum þetta bréf. Í bréfinu segir að hann eigi að pakka dótinu sínum saman og fara.

Camille hljóp út bakdyramegin, niður götuna að



gula húsinu hans Vincents.

Allt var hljótt. Sólblómið sem hann hafði gefið Vincent daginn sem hann kom lá visnað og dautt á borðinu.

Camille var mjög dapur. Hann fann Vincent uppi að pakka í töskuna sína. Vincent leit þreytulega á hann og brosti.

Ekki vera dapur. Það er kominn tími fyrir mig að mála annars staðar. Kannski einhvers staðar þar sem fólk á eftir að meta myndirnar mínar.

En áður en ég fer þá verð ég að sýna þér svolítið.

Vincent náði í stóra mynd og sýni Camille.



Þarna voru sólblómin hans Camille lifandi komin stærri og fallegri en nokkru sinni fyrr.

Camille byrjaði að brosa.

„Vertu sæll Sólblómamaður“, hvíslaði hann og hljóp út úr gula húsinu og út í sólskinið.

Þabbi Camilles hafði rétt fyrir sér. Fólk fór að kunna að meta myndirnar hans Vincents. Í dag kosta þær mjög mikla peninga. En nú heimsækir fólk um allan heim gallerí og listasöfn til að skoða myndirnar af gula húsinu, Camille og fjölskyldunni en þó aðallega sólblómin, svo björtum og gulum að þau minna á raunverulegar sólar.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008